



## **Reglur um val á íþróttamanni ársins í Ísafjarðarbæ**

### **1. gr.**

Val á íþróttamanni ársins skal kynnt á hátíðarsamkomu sem haldin skal fyrir 30. janúar ár hvert.

### **2. gr.**

Skilyrði er að íþróttamaður ársins keppi fyrir hönd íþróttafélags í sveitarfélaginu.

### **3. gr.**

Íþróttá- og tómstundanefnd Ísafjarðarbæjar skal sjá um að velja íþróttamann ársins hverju sinni úr hópi tilnefndra aðila.

### **4. gr.**

Íþróttafélög í Ísafjarðarbæ tilnefna íþróttafólk til kjörsins, einn fyrir hvern kynjaflokk úr þeirri íþróttgrein sem hjá þeim er stunduð. Íbúum Ísafjarðarbæjar gefst einnig kostur á að tilnefna íþróttafólk.

Allar tillögur skulu rökstuddar. Tilnefndir íþróttamenn skulu hafa náð 18 ára aldri á keppnisárinu.

Íþróttá- og tómstundanefnd velur 10 íþróttamenn úr öllum tilnefningum sem verða í endanlegu kjöri um íþróttamann ársins.

### **5. gr.**

Íþróttamaður ársins í Ísafjarðarbæ hlýtur við útnefningu farandbikar til eins árs og bikar til eignar.

Allt tilnefnt íþróttafólk hlýtur sérstaka viðurkenningu.

### **6. gr.**

Íþróttá- og tómstundanefnd velur einnig efnilegasta íþróttamann ársins úr tilnefningum frá íþróttafélögum í sveitarfélaginu. Íþróttafélög geta tilnefnt einn úr hverjum kynjaflokki í þeirri íþróttgrein sem er stunduð hjá þeim. Tilnefnt íþróttafólk skal vera undir 18 ára aldri á keppnisárinu.

### **7. gr.**

Íþróttá- og tómstundanefnd hefur heimild til að veita hvatningarverðlaun fyrir óeigingjarnt starf í þágu íþróttá- og æskulýðsmála í sveitarfélaginu. Óskað skal eftir tilnefningum. Viðurkenningin skal veitt á hátíðarsamkomu þar sem íþróttamaður ársins er heiðraður.

### **8. gr.**

Framkvæmd hátíðarsamkomu: Æskilegast er að sem flestir bæjarbúar eigi kost á því að fylgjast með kjöri á íþróttamanni Ísafjarðarbæjar. Hátíðarsamkoman þar sem verðlaunin eru veitt skal vera opin og auglýst. Boðsbréf skulu send út til þeirra íþróttamanna sem eru tilnefndir.

**9. gr.**

Allar tilnefningar skal birta opinberlega eftir að útnefning íþróttamanns Ísafjarðarbæjar hefur farið fram.

**10. gr.**

Reglur þessar taka gildi þann 19. október 2023. Þær má endurskoða fyrir 30. nóvember ár hvert og taka breytingar þá gildi á næsta ári þar á eftir.

*Samþykkt á 244. fundi íþróttá og tómstundaneftndar, 20. september 2023*

*Samþykkt á 521. fundi bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar, þann 19. október 2023*